

Stykkishólmi, 2. desember 2025

Skrifstofa Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Fuglaverndar um: „Leyfi til veiða á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma. 216. mál, þingsályktunartillaga, 157. löggjafarþing 2025–2026“

Fylgiskjal með þessari umsögn: https://nsv.is/wp-content/uploads/2024/09/2024_Fuglar_og_raektarland-Fuglar_14.pdf.

Fuglavernd mótmælir harðlega tillögu til þingsályktunar um að leyfa veiðar á álft, sem hefur verið alfriðuð síðan 1914¹, ásamt útvíkkun veiðiheimilda á grágæs, heiðagæs og helsingja, sem fæli í sér veiðar þessara tegunda á varptíma og í undirbúningi hans.

Í dag eru engar veiðiheimildir á álft, veiðitímabilið fyrir grágæs og heiðagæs er frá 20. ágúst til 15. mars, en fyrir helsingja er það frá 1.-15. september. Að fara fram á að rýmka veiðar þannig að tímabilið fyrir álft, grágæs, heiðagæs og helsingja á kornökum og túnnum miðist við 15. mars til 20. ágúst og veiðar á álft á kornökum frá 1. maí til 1. október, þýðir í raun að veiðar yrðu leyfðar á grágæs og heiðagæs allan ársins hring, að veiðitímabil helsingja yrði lengt úr rúmlega tveim vikum í u.þ.b. 5 mánuði og að veiðitími á álft færi úr því að vera enginn í 6,5 mánuði.

Fuglavernd sýnir því skilning að bændur vilji verja uppskeru sína og ekki er um það deilt að stórir andfuglar, þ.e.a.s. svana- og gæsattegundir, geti stundum valdið tjóni í ræktarlöndum. Tillögurnar sem hér eru til umfjöllunar eru hins vegar ekkert annað en villimennska. Yrðu þær að veruleika hefðu þær líklega í för með sér stórfellt tjón á stofnum þessara tegunda. Þær stríða gegn mikilvægustu meginreglum um veiðar og eru í andstöðu við alþjóðasamninga og alþjóðasamstarf. Þá eru aðrar aðgerðir en veiðar mun líklegri til árangurs. Mótmæli Fuglaverndar snúa helst að eftirfarandi:

1

https://www.researchgate.net/publication/319321175_Vernd_velferd_og_veidar_villtra_fugla_og_spendyra_Lagaleg_og_stjornsysluleg_stada_og_tillogur_um_urbaetur_Skyrsla_unnin_fyrir_umhverfis_og_audlindaradherra_Protection_welfare_and_hunting_of_wild_bird

1) Veiðar á þessum tegundum eru ekki einkamál okkar Íslendinga og veiðitíminn sem hér er lagður til er á skjön við alþjóðlegar meginreglur um veiði, alþjóðlega samninga sem Ísland hefur fullgilt og alþjóðlegt samstarf.

Álft, grágæs, heiðagæs og helsingi eru farfuglar með vetrarstöðvar utan landsteina Íslands. Með þingsályktunartillögunni er farið fram á að veiða þessar tegundir þegar þær snúa til baka frá vetrarstöðvum og á varptíma. Fuglavernd telur slíkt algjörlega óverjandi á bæði siðferðilegum og stofnvistfræðilegum forsendum og er alveg skýrt að það stríðir gegn fjölþjóðlegum lögum sem gilda víðast hvar á vetrarstöðvum þessara fuglategunda. Í Fuglatilskipun Evrópusambandsins kemur fram í viðauka 2 að: „...82 bird species can be hunted. However, the hunting periods are limited and hunting is forbidden when birds are at their most vulnerable: during their return migration to nesting areas, reproduction and the raising of their chicks.“). Álft, grágæs, heiðagæs og helsingi eru upprunalegar (e. native) tegundir á Íslandi og ber okkur skylda skv. samningnum um líffræðilega fjölbreytni til að standa vörð um þær. Þá kveður AEWA samningurinn á um skyldur aðildarlanda varðandi vernd þessara tegunda og samstarf landa þegar kemur að aðgerðum sem haft gætu áhrif á stofna þeirra. Álft og helsingi eru forgangstegundir samkvæmt Bernarsamningnum og heiðagæs er ábyrgðartegund á Íslandi.² Ekki fer því milli mála að veiðar á þessum tegundum á vorin og á varptíma stríða gegn öllum viðurkenndum, alþjóðlegum siðareglum og meginreglum um fuglaveiði og gegn alþjóðasamningum sem Ísland hefur fullgilt.³

2) Stofnstaða fuglategundanna í dag réttlætir ekki veiðar á vorin og á varptíma.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er rætt hversu mikið stofnar þessara tegunda hafa vaxið síðustu áratugi og gefið í skyn að það réttlæti veiðar á þeim á varptíma. Þetta er þó aðeins hálf sagan og horfa verður á stofnvöxtinn í víðara samhengi. Með tilkomu skotvopna sem hentuðu vel til fuglaveiða, sem og auknu algengi þeirra meðal almennings á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar, var gengið mjög nærri mörgum svana- og gæsastofnum víða um heim með ofveiði. Var Evrópa þar engin undantekning. Á sama tíma hófst mikil eyðing náttúrulegra búsvæða þessara vatnafugla í Evrópu og víðar. Svanir og gæsir eru aðlagðar því að éta vatnaplöntur í grunnum vötnum og á votlendissvæðum og er það þeirra náttúrulega fæða. Stórfelld

² <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

³ Sjá m.a. 2. kafla og bls. 44-45:

https://www.researchgate.net/publication/319321175_Vernd_velferd_og_veidar_villtra_fugla_og_spendyra_Lagaleg_og_stjornsysluleg_stada_og_tillogur_um_urbaetur_Skyrsla_unnin_fyrir_umhverfis-og_audlindaradhera_Protection_welfare_and_hunting_of_wild_bird

Ásamt: <https://www.unep-aewa.org/en/legalinstrument/aewa>.

framræsla votlendis í Evrópu og víðar, á sama tíma og veiðialag á þessum fuglategundum var óheyrilega mikið, gerði að verkum að stofnar flestra svana- og gæsategunda var í sögulegu lágmarki og sumar tegundir á mörkum útrýmingar í byrjun 20. aldar. Var þá ákveðið að bregðast við og koma á friðun eða takmörkun veiða sem og vernd búsvæða þessara tegunda í mörgum Evrópulöndum og í N-Ameríku. Frá því að verndaraðgerðir hófust á fyrri hluta 20. aldar hafa margir stofnar svana og gæsa vaxið á ný.⁴ Er mjög gleðilegt að verndaraðgerðir hafi skilað jafn góðum árangri, því það er ekki sjálfgefið. Saga margra svana- og gæsategunda síðustu 250 árin sýnir einmitt hversu auðvelt er að ganga of nærri þessum stóru og svífaseinu andfuglum með skotveiðum. Stofnvöxtur stórra andfugla frá miðbiki síðustu aldar er því ekki merki um skelfilegt ástand sem verður að koma böndum á, heldur er hér um að ræða tegundir sem eru að jafna sig eftir miklar ofsóknir.

Þótt stofnar þessara tegunda hafi vaxið miðað við stöðu þeirra þegar þeir voru í sögulegu lágmarki er það ekki endilega til marks um að hún sé góð í dag. Fuglaflensa virðist hafa bitnað illa á sumum gæsastofnum, t.a.m. helsingja á Suðausturlandi.⁵ Austur-Grænlandsstofn helsingja, sem íslenski stofninn tilheyrir, hefur rýrnað mjög á allra síðustu árum, bæði vegna bráðrar fuglaflensu en einnig hefur viðkomubrestur verið viðvarandi undanfarið. Sökum þessa var veiðitími helsingja stytur verulega 2025.⁶ Í ágúst 2023 var gripið til sölubanns á grágæs⁷ til að hlífa stofninum í ljósi alvarlegrar stöðu hans en á um áratug hefur hann minnkað úr 100 í 60 þúsund fugla eða um 40%.⁸ Þetta veldur því að í nýrri endurskoðun á íslenskum válista fugla telst grágæs nú sem tegund í yfirvofandi hættu (NT).

3) Skotveiðar á álf, grágæs, heiðagæs og helsingja eru mjög ólíklegar til að draga verulega úr tjóni á ræktarlöndum, nema fuglunum yrði stórfækkað eða útrýmt.

Eins og mörg önnur lönd hefur Ísland gengið mjög hart fram í eyðingu votlendis með framræslu, en um 70% votlendis á láglandi hefur verið raskað. Þar með skerðist náttúrulegt fæðuframboð álfta og gæsa. Tún og kornakrar hafa í auknum mæli orðið

⁴ Sjá t.d.: https://pure.au.dk/ws/files/209936033/2705_2149_1_PB_1_.pdf
<https://wildfowl.wwt.org.uk/index.php/wildfowl/article/view/2591>
og <https://www.semanticscholar.org/paper/Characterisation-of-Greylag-Goose-Anser-anter-areas-Feige-Jeugd/632c20680aa81c34e53a417030e2e6270ecdd8b3>.

⁵ Lilja Jóhannesdóttir, Náttúrustofu Suðausturlands, pers. uppl.

⁶ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2025/08/26/Fyrirkomulag-helsingjaveida-2025/>

⁷ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/08/17/Timabundid-bann-sett-vid-solu-a-gragaes/>

⁸ K. Brides, K. A. Wood, og S. N. V. Auhage, „Status and distribution of Icelandic-breeding geese: results of the 2020 international census“.

eftirsótt fæðuöflunarsvæði þessara tegunda og hefur fæðunám á slíkum manngerðum svæðum meðal annars átt þátt í endurreisn þeirra. Ólíklegt verður að teljast að línulegt samband sé á milli mögulegra skotveiða á vori og sumri og minnkunar tjóns, þ.e. hæpið er að tjón minnki í sama hlutfalli og veiðar aukast. Þetta sést meðal annars í tvennu: 1) Sumir landeigendur hafa nýtt sér ásókn gæsa í ræktarlönd og ræktað korn til að lokka til sín gæsir að haustlagi, þ.e. innan hefðbundins veiðitíma, og selt veiðimönnum aðgang að slíkum svæðum. Slíkar skotveiðar virðast ekki hafa haft fælingarmátt. 2) Tjón á ræktarlandi hefur sennilega farið vaxandi á sama tíma og mikil fækkun hefur orðið í stofni grágæsar, sem talin er valda hluta af þessu tjóni. Bendir þetta sterklega til að ekki sé fyrir hendi skýrt samband milli stofnstærðar og umfangs tjóns.

Þar sem ræktarlönd laða að óbreyttu til sín álfir og gæsir þyrfti sennilega að stórfækka eða útrýma þessum tegundum til að minnka verulega tjón. Aldrei ætti þó að leyfa veiðar á upprunalegum tegundum í þeim tilgangi að fækka verulega í stofnum þeirra. Þess skal þó getið að ef samkomulag væri við þær þjóðir sem deila þessum fuglastofnum með Íslendingum um verulega fækkun í einhverjum þeirra, þá yrðu slíkar aðgerðir að fara fram á haustin og líklega að mestu á vetrarstöðvum en fráleitt að hugsa sér að veiða fuglana á leið til varpstöðva eða á varptíma.

4) Umfang tjóns hefur ekki verið vel metið hérlandis.

Rannsóknir erlendis hafa sýnt að tjón á ræktarlöndum af völdum stórra andfugla getur verið allt frá því að vera ekkert í að vera talsvert og fer það algjörlega eftir aðstæðum. Fullnægjandi mat á umfangi tjónsins hérlandis hefur alls ekki verið framkvæmt, og ekki er fyrir hendi vísindalegt, staðlað kerfi til að meta tjónið. Ef grípa ætti til svo stórtækra ráða að aflétta friðun á álfir og leyfa skotveiðar á varptíma fuglategundanna sem um ræðir er forsenda að áreiðanlegt, fullnægjandi mat á umfangi tjónsins hafi farið fram, að tjónið sé stórfellt á landsvísu og ógni almannahæil og að tryggt sé að veiðar muni sannarlega draga verulega úr tjóninu.⁹ Á meðan hvorki liggi fyrir fullnægjandi aðferðir til að meta umfang tjóns, né hversu mikið tjón um ræðir er fráleitt að fara í svo öfgafullar aðgerðir sem lagt er til í þingsályktunartillögunni.

⁹ https://nsv.is/wp-content/uploads/2024/09/2024_Fuglar_og_raektarland-Fuglar_14.pdf

og

https://www.researchgate.net/publication/319321175_Vernd_velferd_og_veidar_villtra_fugla_og_spendyra_Lagaleg_og_stjornsysluleg_stada_og_tillogur_um_urbætur_Skyrsla_unnin_fyrir_umhve_rfis-_og_audlindaradherra_Protection_welfare_and_hunting_of_wild_bird

5) Vinna þarf verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir umræddar tegundir áður en til greina kæmi að skoða mögulega útvíkkun á veiðiheimildum.

Til að standa vörð um áðurnefndar tegundir og mögulega bregðast við tjóni af þeirra völdum er mikilvægt að vinna fyrir þær faglegar verndar- og stjórnunaráætlanir. Í slíkum áætlunum er heildarstaða viðkomandi tegundar skoðuð í víðu samhengi, meðal annars sögulegu, og fjallað um ógnir sem steðja að henni sem og mögulegt tjón sem hún kunni að valda. Þá eru kortlagðar aðgerðir sem eiga ýmist að efla stöðu tegundarinnar eða hafa stjórn á henni, eftir því sem við á. Þegar um er að ræða farfugla (eins og í þessu tilfalli) eru slíkar áætlanir unnar í alþjóðlegu samstarfi til að tryggja að litið sé til allra þátta á öllu útbreiðslusvæði tegundarinnar/stofnsins.

Ekki hefur verið gengið frá verndar- og stjórnunaráætlun fyrir neina af þeim tegundum sem þingsályktunartillagan nær til. Á meðan að svo er, er fráleitt að fara í stórfelldar breytingar á veiðifyrirkomulagi, sem líklegar eru til að hafa verulega neikvæð stofnáhrif.

Í þessu samhengi skal geta þess að nýlega stóð til að þrengja veiðitíma grágæsa til að draga úr veiðum í ljósi neikvæðrar stofnþróunar undanfarin áratug. Ákveðið var að bíða með það á þeim forsendum að unnið er að verndar- og stjórnunaráætlun fyrir tegundina. Það skýtur mjög svo skökku við að ekki sé hægt að bæta vernd tegundar sem sýnir neikvæða stofnþróun sökum þess að verndar- og stjórnunaráætlun liggi ekki fyrir, en hægt væri að útvíkka veiðiheimildir samt sem áður. Mjög mikilvægt er að ljúka við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir álft, grágæs, heiðagæs og helsingja sem allra fyrst.

6) Margar aðrar lausnir eru í boði til að draga úr tjóni, sem eru mun vænlegri til árangurs.

Tjón á ræktarlöndum vegna stórra andfugla er ekki bara vandamál á Íslandi. Af þessum sökum hefur síðustu ár verið unnið talsvert erlendis að því að þróa leiðir til að draga úr tjóninu, sem ekki fela í sér dráp á fuglum. Í dag standa til boða alls kyns hátæknilegar fætur, m.a. sjálfvirkir drónar sem hægt er að forrita til að skila sem bestum árangri. Þessar aðferðir hafa ekki verið prófaðar á skipulagðan hátt hér á landi og eðlilegt næsta skref væri því að finna leiðir til að fæla fugla frá svæðunum sem um ræðir. Samhliða því að fæla fugla frá þeim svæðum sem þeir mega ekki vera á mætti mögulega koma upp tünnum eða kornökum sem þeim væri leyft að bíta, en það að fuglarnir gætu farið á önnur ræktarlönd í staðinn er líklegt til að auka árangur fælingaraðgerða. Það mætti e.t.v. hugsa sér að ríkisstyrkur kæmi til fyrir slíka

„fuglaakra“. Í þessu samhengi er þó mikilvægt að hafa í huga að náttúrulegum búsvæðum þessara eða annarra tegunda, s.s. votlendi, sé ekki raskað til að útbúa slíka akra, heldur sé notast við þegar raskað ræktarland sem ekki er í eiginlegri notkun. Þar að auki er mikilvægt að þróa hér afbrigði korns sem þroskast fyrr á haustin því sennilega væri hægt að koma í veg fyrir mikið tjón ef uppskorið væri áður en fuglarnir safnast á akra til að undirbúa haustfarið. Að auki hafa erlendar rannsóknir^{10,11} sýnt að mikilvægt er að huga að náttúrufari og landslagi þegar ræktun er skipulögð. Með því að staðsetja akra á svæðum sem eru minna eftirsótt fyrir stóra andfugla, s.s. fjarri vatni og þar sem erfitt er fyrir stóra fugla að lenda og taka á loft, má draga verulega úr ásókn þessara fugla í ræktað land. Með því að rækta trjágróður, t.d. skjólbelti, á jöðrum ræktarlands er einnig hægt að gera þau minna aðlaðandi fyrir álfir og gæsir. Síðast en alls ekki síst er vert að nefna að endurheimt votlendis myndi búa til svæði sem þessir fuglar gætu nýtt og mögulega dregið úr aðsókn þeirra á ræktarland. Af þessu sést að ýmislegt er hægt að gera til að draga úr tjóni, sem ekki felur í sér auknar veiðar frá því sem nú er.

7) Veiðar til að draga úr tjóni eiga að vera þrautaráð.

Dráp á upprunalegum fuglategundum til að draga úr tjóni ætti alltaf að vera þrautaráð sem aðeins ætti að grípa til ef öll önnur úrræði hafa verið reynd án árangurs og tryggt sé að veiðar dragi raunverulega úr tjóninu, séu kostnaðarhagkvæmar, hafi ekki neikvæð stofnáhrif, séu tegundasérhæfðar, standist kröfur varðandi dýravelferð og séu siðfræðilega réttlætanlegar.¹² Ljóst er að svo er ekki á Íslandi varðandi veiðarnar sem hér eru til umfjöllunar eins og staðan er í dag, og er því fráleitt að einu sinni hugleiða að grípa til slíkra aðgerða nú. Nauðsynlegt er að hafa í huga að stórir, áberandi, svifaseinir andfuglar á ræktarlöndum eru mjög auðveld skotbráð, sem hægt er að stráfella úr fyrsát, og því hætt við að gengið yrði mjög nærri þessum stofnum á stuttum tíma. Á þetta sérstaklega við um álf, sem er ein ástæða þess að sú tegund er alfriðuð.

Lokaorð

Ljóst er að stórir andfuglar geta í einhverjum tilfellum valdið tjóni í ræktarlöndum. Sennilega verður aldrei hægt að koma alfarið í veg fyrir að eitthvað tjón verði en finna þarf lausn sem tekur tillit til hagsmuna bæði náttúrunnar og manna. Hafa skal í

¹⁰ <https://link.springer.com/article/10.1007/s13280-017-0899-5>

¹¹ <https://brage.inn.no/inn-xmlui/bitstream/handle/11250/3034504/Ter%20c3%a4v%20c3%a4inen%20et%20al%202022.pdf?sequence=4&isAllowed=y>

¹² https://nsv.is/wp-content/uploads/2024/09/2024_Fuglar_og_raektarland-Fuglar_14.pdf

huga að með ræktun lands er farið með starfsemi manna út í náttúruna og eðlilegt að eitthvað tjón verði, sem ætti að gera ráð fyrir í kostnaðaráætlunum.¹³ Með varúðarregluna, eina mikilvægustu meginreglu umhverfisréttar, að leiðarljósi er ljóst að fráleitt sé að grípa til aukinna veiða á þessum tímapunkti, hvað þá á vorin og á varptíma. Mikilvægt er að meta almennilega umfang og eðli tjónsins, prófa með vísindalegum hætti mismunandi áhrif fælingaraðferða, kortleggja betur búsvæðanotkun álfta og gæsa og endurheimta þeirra náttúrulega búsvæði; votlendin. Einnig er gríðarlega mikilvægt að ljúka sem fyrst við stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir þessar tegundir og opna í kjölfarið yfirvegað samtal landeigenda, rannsakenda, náttúruverndarsinna og fulltrúa viðeigandi ráðuneyta um bestu leiðir til að draga úr tjóni og skapa sátt. Fuglavernd býður fram krafta sína við að finna ásættanlega lausn sem ekki felur í sér fugladráp á viðkvæmum tíma á fuglategundum sem okkur ber skylda til að standa vörð um.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Fuglaverndar
Menja von Schmalensee, formaður
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri

Við hvetjum umhverfis- og samgöngunefnd eindregið til að kynna sér vel nýlega, íslenska yfirlitsgrein um tjón álfta og gæsa á ræktarlöndum og hvað sé til ráða, sem er fylgiskjal með þessari umsögn. Sjá: https://nsv.is/wp-content/uploads/2024/09/2024_Fuglar_og_raektarland-Fuglar_14.pdf.

13

https://www.researchgate.net/publication/319321175_Vernd_velferd_og_veidar_villtra_fugla_og_spendyra_Lagaleg_og_stjornsysluleg_stada_og_tillogur_um_urbaetur_Skyrsla_unnin_fyrir_umhverfis_og_audlindaradherra_Protection_welfare_and_hunting_of_wild_bird